



FÉLAG FRAMHALDSSKÓLAKENNARA
Laufásvegi 81, 101 Reykjavík Sími 595 1111
ff@ki.is www.ki.is

6. aðalfundur Félags framhaldsskólakennara 20. – 21. mars 2014

Samþykkt um fræðslu KÍ fyrir trúnaðarmenn

Aðalfundur Félags framhaldsskólakennara 20. – 21. mars 2014 samþykkir að beina eftirfarandi til 6. þings KÍ 1. – 4. apríl 2014:

6. þing KÍ 1. - 4. apríl 2014 felur stjórn KÍ og fræðslunefnd að skipuleggja og hafa með höndum sameiginlega fræðslu fyrir trúnaðarmenn KÍ og tengiliði um hefðbundin réttinda- og hagsmunamál.

Fræðsla KÍ fyrir trúnaðarmenn leysi af hólmi hefðbundna trúnaðarmannafræðslu aðildarfélaganna og þau hafi með höndum aðra sérhæfða fræðslu fyrir trúnaðarmenn félaganna um vinnuveitendur og kjarasamninga þeirra. Tilgangurinn með því að færa sem mest af því sem tilheyrir hefðbundinni fræðslu fyrir trúnaðarmenn yfir á vettvang KÍ er að draga úr tvíverknaði til hagræðis fyrir aðildarfélögin.

Við skipulagningu fræðslu og gerð fræðsluefnis verði höfð hliðsjón af niðurstöðum trúnaðarmannakönnunar KÍ í mars 2013 um starfsaðstæður þeirra og viðhorf til ýmissa þátta í trúnaðarmannsstarfinu og gerð verði heildstæð áætlun til næstu þriggja ára um fræðsluna. Fræðsla hefjist haustið 2014 og samstarf verði haft meðal annars við siðaráð, vinnuumhverfisnefnd, jafnréttisnefnd KÍ og aðildarfélög KÍ.

Stjórn KÍ verði heimilt að veita fjármunum til fræðslustarfsins samkvæmt fjárhagsáætlun KÍ fyrir næsta tímabil.

Greinargerð:

Þing KÍ 2005 samþykkti að fram færi úttekt á starfsemi og rekstri KÍ til að leita leiða til að nýta fjármuni sem best og að starfsemin skilaði sem mestum árangri. Ein af tillögum þessarar úttektar var að hafa með höndum fræðslu fyrir trúnaðarmenn um sameiginleg mál og hvöttu þing KÍ 2008 og 2011 til þessa. Árið 2012 var fræðslunefnd KÍ stofnuð til að fylgja eftir samþykktum undanfarinna þinga um fræðslumál og skipuleggja fræðslu í samstarfi við stjórn KÍ. Ekki hefur orðið af hefðbundinni fræðslu KÍ fyrir trúnaðarmenn ef frá eru taldir fundir KÍ fyrir trúnaðarmenn árið 2010 með heitinu „KÍ á trúnó“ og fundirnir „KÍ til forystu“ árið 2013 fyrir forystufólk svæða- og félagsdeilda en þar var að hluta til fjallað um mál sem snerta starf trúnaðarmanna. Eftir er að KÍ hrindi í framkvæmd sameiginlegri fræðslu fyrir trúnaðarmenn aðildarfélaganna.